

# Hof í Hjaltadal

## Fornleifaskráning



**Katrín Gunnarsdóttir**  
**apríl 2000**  
**Byggðasafn Skagfirðinga**

**3**



## Efnisyfirlit

	bls.
Inngangur .....	2
Varðveisla fornminja .....	3
Hof, byggðasaga .....	4
Hof I í Hjaltadal, fornleifar .....	6
Hof II í Hjaltadal, fornleifar .....	21
Fornleifaskrá .....	32
Fylgiskjal 1 - staðsetning svæðis .....	33
Fylgiskjal 2 - yfirlitskort .....	34
Fylgiskjal 3 - Túnakort frá 1916 .....	35

Forsíðumyndin er af stekknunum, sem er suður af Hofi II í Hjaltadal, horft í vestur.

Ljósmynd Katrín Gunnarsdóttir 1999.

## **Inngangur**

Skráning fornleifa að Hofi I og II, í Hjaltadal Skagafirði, var gerð sumarið 1999. Alls voru skráðar 24 fornminjar. Þar af voru 14 fornleifar að Hofi I, og 10 fornleifar að Hofi II.

Skráðar voru fornleifar sem eru horfnar, en vitneskja um hvar hafi verið, svo og þær fornleifar sem enn eru sýnilegar í landinu. Uppdrættir voru gerðir af þeim tóftum og rétt sem enn eru sýnilegar, og teknar 23 ljósmyndir og fylgja 11 í þessari skýrslu, hinar eru varðveittar í Byggðasafni Skagfirðinga Glaumbæ.

Svæðið sem skráningin fór fram á, nær frá landamerkjum Hóla í norður, niður að Þjóðvegi í vestur og að Hofstekknunum í suður. Og að Hólabyrðu í austur.

Við skráninguna var stuðst við Loftmynd 1:4000 frá 1994, Landmælingar ríkisins, túnakort frá 1916, ritaðar heimildir, og viðtöl við Hjalta Pálsson, HSk (Héraðsskjalasafn Skagfirðinga), Hörð Jónsson bónda og móður hans Sveinbjörgu Árnadóttur Hofi II, og Hallgrím Pétursson bónda á Kjarvalsstöðum Hjaltadal. Er þeim þakkað fyrir veitta aðstoð. Einnig þakkir til Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings, Þjóðminjasafni Íslands.

Skráninguna vann Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur, Byggðasafni Skagfirðinga, Glaumbæ.

## Varðveisla fornminja

Tilgangur Þjóðminjalaga nr. 88/1989 er m.a. að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa. Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
  - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
  - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
  - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
  - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki; þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.
  - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
  - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
  - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
  - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18.gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 17., 19., 20. og 21. grein laganna.

17.gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spilt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en

hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundu leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

## Hof, byggðasaga:

Í Landnámu, Sturlubók og Hauksbók er getið um Hof í Hjaltadal sem landnámsbæinn og þar hafi búið Hjalti Þórðarson, og synir hans þeir Þorvaldur og Þórður, og héldu þeir erfidrykkju mikla eftir föður sinn og þangað hafi verið boðið 12 hundruðum boðsmanna sem allir hafi verið með gjöfum út leystir. Talið er að byggðin hafi snemma flust frá Hofi að Hólum, um miðja 10. öld og öldum saman hafi Hof verið eyðibýli. Í Sigurðarregistri frá 1550 er Hof talið með byggðum jörðum Hólastóls. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709, um lýsingu Hóla, segir að Hofið heiti stekkur og fjárhús staðarins, og þar segja munnmæli að bærinn hafi staðið áður í fyrndinni, og þar megi sjá byggðamerki

Í Ferðabók Oliviusar (1775-1777) er Hof talin eyðijörð sem heyrir til biskupssetrinnu. Ferðabók Ebenezer Hendersons frá 1814-1815 segir frá að í suður frá Hólum sé bær sem heiti Hof, og sé sá fyrsti sem reistur hafi verið í dalnum. Annars er talið óbyggt þar, fram til 1827, en þá hafi býli verið reist þar sem hjáleiga frá Hólum. Í jarðatali Johnsens frá 1847 segir að Hof sé nýbýli í Hóla heimalandi, en ekki er þess getið í jarðabókum.

Heimildir: Jarðatal Johnsen 1847 bls. 267 Ferðabók, Ebenezer Hendersons, árin 1814-1815, bls.71. Íslenskt Fornbréfasafn, ellefta bindi 1310-1550, bls. 859). Íslenskar Fornsögur bls. 172) Íslensk fornrit 1 bls. 238 239 Biskupasögur II, bls. 98-99) Jarðabók IX, bls. 218-219 Ferðabók Olafs Olaviusar, Landshagir í norðaustursýslum Íslands 1775-1777. Skagafjarðarsýsla I. Bindi bls. 317. 1964.

Á Hofi eru eftirtaldar fornleifar friðlýstar: bæjartóftir, nefndar Halatóft (nr. 9) og Skálatóft (nr. 13), leifar Hjaltahaugs (nr. 22) og hringmynduð girðing umhverfis hann, og garðlög sem hafa verið gerð til að mynda sundtjörn (nr. 24).

Jarðrask hefur orðið á jörðunum á Hof, svo sem byggingaframkvæmdir og túna sléttun. Enn eru nokkrar tóftir í túninu fyrir neðan Hof II sem gætu horfið á næstu árum vegna túnasléttunar, þessar tóftir eru mjög illa farnar (nr. 17, 19 og 20).

## HOF I, fornleifar

-----  
Í landi Hofs I voru skráðar 14 minjar á vettvangi, nr. 1-14.



Mynd 1. Hof I, til vinstri á myndinni, Gamli bærinn sem er horfinn er til hægri, horft í suð- austur. Eigandi myndar Sveinbjörg Árnadóttir, Hofi II. Myndin tekin árið 1952.

1

- Tegund minja:** Bæjarhóll  
**Hlutverk:** Bústaður/grafreitir  
**Sérheiti:** Hof  
**Landareign:** Hof I  
**Lega:** N: 65°42'765 V: 19°05'765  
**Staðhættir:** Nokkra metra í suður frá íbúðarhúsi á Hofi I, í grasi gróinni brekkubrún.  
**Lýsing:** Brekkan neðan undir Bæjarhólnum er Bæjarbrekkan. Þetta er grasi gróinn hóll um 8-10 metra á hæð, af honum sést vel til allra átta í Hjaltadal.  
**Fornleifakönnun:** Rannsókn 1955:  
Gamli bærinn á Hofi sem byggður var um 1860, (Athugasemd frá Hjalta Pálssyni sem segir bæinn talsvert eldri) stóð upp á hárrí hólbrún og voru aðeins fáir faðmar frá bæjardyrum fram á brekkubrúnina, en brekkan sjálf snarbrött. Nýtt steinhús hafði verið reist rétt norðan við gamla bæinn árið 1938, en hann var þá látinn standa áfram um sinn. (Athugasemd H.P.: Það var búið í bænum til 1948). Haustið 1955 ákvað Páll bóndi Sigurðsson á Hofi að fá jarðýtu til að flytja moldir gamla bæjarins vestur af brekkubrúninni og skafa jafnframt nokkuð ofan af henni til þess að minnka brekkuhallann. Þegar búið var að lækka brúnina lítið

eitt tóku menn eftir að mannabein voru í ruðningnum og kom brátt í ljós að nokkrar beinagrindur lágu í mold í sjálfri brúninni. Kom Gísli Gestsson safnvörður og rannsakaði staðinn. Fundust þarna 5 beinagrindur og af þeim hefur ein verið í kistu, sjá nánar, Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1983: Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal, Guðmundur Ólafsson. bls 117-133.

Rannsókn 1981:

Í júlí 1981 var svo grafinn hitaveituskurður með vélskóflu heim að bænum og þvert yfir bæjarhólinn. Urðu menn þá að nýju varir við að mannabein komu upp úr moldum skurðarins. Guðmundi Ólafssyni Þjóðminjasafni var gert viðvart og kom hann strax á staðinn til að rannsaka fundinn, enda þótti full víst að þessi nýfundnu bein voru úr sama grafreit og þau sem fundist höfðu 26 árum áður.

Rannsóknin á staðnum benti eindregið til þess að vélskóflan hafi skaddað og eyðilagt a.m.k. fjórar grafir og ber því einnig saman við niðurstöður Jón Steffensens, sem fékk beinin til rannsóknar og greindi þau sundur.

Niðurstöður úr rannsókn eru: Ekki er um að villast að þarna hefur einhverntíma verið kristinn grafreitir. Fundist hafa leifar af a.m.k. tólf einstaklingum og afstaða beinanna bendir til þess að þar hafi verið jarðsettir mun fleiri en þeir sem fundnir eru.

Sjá nánar í, Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1983: Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal, Guðmundur Ólafsson. bls 117-133.

**Aðrar upplýsingar:** Við Örnefnaskrá, Örnefnastofnunar um Skagafjarðarsýslu, hefur Hjalti Pálsson, HSk., gert athugasemdir:

Séra Benedikt Vigfússon keypti Hóla í Hjaltadal árið 1824 fyrir 2500 rd. og fylgdi Hof með í kaupunum. Hann endurreisti og byggði á Hofi 1827 og lét byggja “Gamla bæinn” sennilega um það leyti. Árið 1955 var þessum bæ rutt með jarðýtu, og átti þá jafnframt að lækka hólbrúnina sunnan og vestan við.

**Hættumat:** Hætta ef einhverjar byggingaframkvæmdir verða á hólnum.  
**Heimild:** Örnefnaskrá fyrir Hof I, Hjalti Pálsson, 1973. Árbók hins íslenska fornleifafélags, 1983: Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal, Guðmundur Ólafsson bls. 117-133).





Mynd 2. Blótsteinn/Hestasteinn á hlaðinu á Hofi I, horft í vestur. Ljósm. K.G. 1999

2

<b>Tegund minja:</b>	Blótsteinn/hestasteinn/náttúruminjar.
<b>Hlutverk:</b>	Blótsteinn/hestasteinn
<b>Landareign:</b>	Hof I
<b>Sérheiti:</b>	Blótsteinn/hestasteinn
<b>Lega:</b>	<b>N:</b> 65°42746 <b>V:</b> 19°05751
<b>Staðhættir:</b>	Um 20 metrar frá Hofi I, í suður við vegkant heim að Hofi I.
<b>Lýsing:</b>	Steininn er um 1-1,5 x 2,5 metrar, og hæðin um 150 m. Kringum steininn eru hlaðin þrep eða stallar úr torfi ásamt nokkrum smá steinum á norðurhlið, ekkert sést af járnhring þeim sem talað er um eldri heimildum.
<b>Aðrar upplýsingar:</b>	Munnmælasaga frá 18. öld getur um stein þennan sem blótstein, og menn þeir er blóta skyldi hafi verið hryggbrotnir á steininum. Nú er ekki talað um Blótstein heldur Hestastein, þó kannast menn enn við nafnið og munnmælinn Stór steinn með hrygg á er syðst á hólnum við veginn, er járnhringur greypur í hann er þetta sagður forn hestasteinn. Járnhringurinn var í steininum allavega til 1963, þegar Hjalti Pálsson átti heima á Hofi I. Í sýslu- og sóknarlýsingu frá 1843, er minnst á Blótsteinn. (Örnefnastofnun Hof 1. Viðbót Hjalti Pálsson 1973. Árbók ferðafél. bls. 72, '46-'47. Landfrs. Þorvaldar Thoroddsen II bls. 269. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 II Skagafjarðarsýsla., bls. 130)
<b>Hættumat:</b>	Engin hættu stæðjar að steininum.
<b>Heimild:</b>	Örnefnastofnun Hof 1. Hjalti Pálsson 1973. Árbók ferðafél. bls. 72, '46-'47. Landfræðisaga Íslands: Hugmyndir manna um Ísland. Náttúruskoðun og rannsóknir, fyrr og síðar. Þorvaldur

Thoroddsen II bls. 269. Útgefandi Hið íslenska bókmenntafélag  
1892 - 1904.

3

**Tegund minja:** Fjánhús/hesthús/mannvirki  
**Hlutverk:** Fjánhús/hesthús.  
**Landareign:** Hof I  
**Sérheiti:** Skálhús  
**Lega:** N:65°42822 V:19°05818  
**Staðhættir:** Frá Hofi I, um 130 m í vestur í túninu niður af Kvígildishúsum  
**Lýsing:** Hlaða úr bárujárni, við það er hesthús sem áður var fjánhús, það er ekki mjög gamalt.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Viðtal við Hjalta Pálsson HSk.1999.



Mynd 3. Kvígildishús, Hof I, horft til norðurs. Sést í gafl hrútakofa fyrir miðri mynd.  
Ljósm. K.G. 1999

4

**Tegund minja:** Fjánhús/hrútakofi /tóft.  
**Hlutverk:** Fjánhús/hrútakofi  
**Landareign:** Hof I.  
**Sérheiti:** Kvígildishús.  
**Lega:** N: 65°42837 V: 19°05756  
**Staðhættir:** Frá Hofi I eftir götuslóða austan við húsið um 120 m í norður upp á smá hæð.  
**Lýsing:** Húsið er 17 metra löng og 11 metra breið utanmál, veggjaþykkt 1 metri, hleðsluhæð allt að 1.60. Húsið er nokkuð hrúnið, en torfveggir samt nokkuð heillegir, þak er yfir lengsta hluta


hússins, fjárhúsinu í austur-vestur, þar sést nokkuð heillegur garði eftir endilöngu. Hrutakofi var byggður sunnan við húsið um 1952-1953, er hann nokkuð hruninn.

**Hættumat:**

Húsunum ekki haldið við, eru því að hrynja smátt og smátt.

**Heimild:**

Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3.



Mynd 4. Flatarteikning Kvígildishúss. Teikn. K.G. 1999

**5**

**Tegund minja:**

Fjós/horfið.

**Hlutverk:**

Fjós.

**Landareign:**

Hof I

**Lega:**

N: 65°42780 V: 19°05717

**Staðhættir:**

Frá Hofi I, 20 metra í austur.

**Lýsing:**

Fjósið var jafnað við jörðu um 1979, og sléttað.

**Heimild:**

Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Árbók hins íslenska Fornleifafélags 1983: Forn grafreitir á Hofi í Hjaltadal, Guðmundur Ólafsson. bls 117-133.



Mynd 5. Goðalaut, er sunnan við Hof I, horft til austurs. Sést í tóft Blesakofa fyrir miðri mynd, upp af girðingu. Ljósm. K.G. 1999

6

<b>Tegund minja:</b>	Goðalaut /náttúruminjar.
<b>Hlutverk:</b>	Óþekkt.
<b>Sérheiti:</b>	Goðalaut
<b>Landareign:</b>	Hof I
<b>Lega:</b>	N: 65°42607      V: 19°05734
<b>Staðhættir:</b>	Norðan við Hof I, eftir vegaslóða í norður er djúp kvos við norðurenda bæjarbrekkunnar á milli hennar og brekkunnar þar sem Kvígildishús stendur.
<b>Lýsing:</b>	Grasi gróin laut sem hefur að nokkru leyti verið fyllt af grjóti og jarðvegi.
<b>Aðrar upplýsingar:</b>	Í Sóknarlýsingu frá 1843, er talað um Goðalág, en ekki Goðalaut eins og nú er sagt.
<b>Heimild:</b>	Örnefnaskrá fyrir Hof I, Hjalti Pálsson, 1973. Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839- 1873, 1954, Hóla og Viðvíkursókn bls.130.

7


<b>Hlutverk:</b>	Hesthús/horfið
<b>Landareign:</b>	Hof I
<b>Lega:</b>	N: 65°42778      V: 19°05751
<b>Staðhættir:</b>	Hesthús þetta hefur staðið þar sem Hof I stendur í dag.
<b>Lýsing:</b>	Ekkert sést af hesthúsi þessu.
<b>Heimild:</b>	Túnakort 1916, fylgiskjal 3. Örnefnaskrá fyrir Hof I Hjalti Pálsson, 1973.




Mynd 7. Hesthús, tóft, horft í suður að Hofi II. Ljósm. K.G. 1999

8

- Tegund minja:** Hesthús /tóft.  
**Hlutverk:** Hesthús.  
**Landareign:** Hof I  
**Lega:** N: 65°42820 V: 19°05687  
**Sérheiti:** Blesakofi.  
**Staðhættir:** Eftir vegaslóða austan við Hof I, og frá súrheysturni sem er rétt vestan þessa vegaslóða um 50m í austur upp á smá hól innan við girðingu.  
**Lýsing:** Tóftin er 9 m á lengd og 6-8 m á breidd, veggjaþykkt um 1 m. hleðsluhæð 0.20-0.80 m veggir grasi grónir, en hleðsla best varðveitt í suðurhluta, austurhlið tóftarinnar fremur óljós, inngangur á vesturhlið  
**Aðrar upplýsingar:** Út og upp af bænum, beint upp af Goðalautinni, rís hár hóll, kallaður Hesthúshóll, en á honum var hesthús í mínu ungdæmi, eða fram um 1955, nefnt Blesakofi. Hesthúsið stóð framyfir 1970. (Hjalti Pálsson)  
**Hættumat:** Helst hætta af jarðraski.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Viðtal Hjalti Pálsson, HSk. ágúst 1999. Jarðabók Á.M. og P.V. bls. 218-219. IX bindi.



Mynd 8. Hesthús, flatarteikning. Teikning K.G. 1999.



Mynd 9. Flatateikning. Teikn. Guðmundur Ólafsson 1999.

9

- Tegund minja:** Bústaður/tóft.
- Hlutverk:** Bústaður
- Landareign:** Hof I
- Lega:** N: 65°424731 V: 19°055136
- Sérheiti:** Halatóft
- Staðhættir:** Eftir götuslóða austan við Hof I, að gömlum fjárhúsum, Kvígildishúsum rétt innan við girðingu sem er við þau, um 40 m í norð-vestur frá þeim á grasi grónum hólhrygg, sem liggur í norður.
- Lýsing:** Tóftin er öll mjög grasi gróin og sigin hún skiptist í 9 hólf. **Tóft 2.1**, er nyrst á rana, og er 18x5.5 m hleðsluhæð um 0.3 m og veggjaþykkt um 1-1.5 m. Inngangur á vesturhlið fyrir miðju. Þetta er talið vera elsti hluti tóftarinnar. **Tóft 2.2 og 2.3**, stærð, 19 x 9,5 m, veggir signir og grasi grónir hleðsluhæð um 0.5 m veggjaþykkt um 1-2 m. Inngangur á vesturhlið, og fyrir endanum á norðurhlið. Í tóft 2.2, til norðurs

inní tóftinni, frá inngangi á vesturhlið, er grasi gróin upphækkun 4.9 x 2 m, hleðsluhæð 0.5 m.

Tóftir 2.2 og 2.3 renna eiginlega saman í eitt, í 2.3 er tvö hólf sem hægt er að ganga inn í úr 2.2.

**Tóft 2.4**, er á vesturhlið tóftarinnar, og hefur inngang í vestur. Stærð 3.5-1.5 m veggjaþykkt 1.5 m. hleðsluhæð um 0.2 m

**Tóft 2.5 og 2.6**, er á austurhlið tóftarinnar, og hafa sameiginlegan inngang. Veggjaþykkt á útvegg um 1 m og innveggjum um 2 m, hleðsluhæð 0.5 m.

**Tóft 2.7 og 2.8**. Tóftin er mjög sigin og þýfð. Inngangur sennileg í vestur í hólf 2.7, og þaðan í hólf 2.8, veggjaþykkt um 2 m hleðsluhæð um 0,3 m.

**Tóft 2.9**, Tóft þessi er syðst á rananum, og er fremur óljós, en samt hægt að greina veggi, stærð þessar tóftar er 3 x 3 m, inngangur er í suð-vestur, hleðsluhæð um 0,1 m, veggjaþykkt óljós.

**Aðrar upplýsingar:** Úr rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar:


Hér um bil 30 faðma austr frá húsunum er á holtrana nokkrum Tóft mikil sem snýr samhliða dalnum mjög fornleg og útflött. Hún er um 70 fet á lengd og 30-35 fet á breidd- Vestr frá þessari tóft sýnist votta fyrir annarri tóft en um hana verður eigi meira sagt.

Garðrani/tóft.

Í suðaustur frá bænum hér um bil 20 faðma dregur túnið í lægð sem að neðan er takmörkuð af fremur lágum hól að sunnan af holtrana að austan af háu melbarði og að norðan af áframhaldi hæðar þeirrar sem bærinn stendur á. Eftir lægðinni vestan verði og eftir henni endilangri liggur garðlag afar mikið sem er nál. 35 faðma á lengd um 4 áln. á hæð og 3-5 faðma á breidd að neðan. Í norður enda garðsins vottar fyrir tóft nokkurri eigi mjög stórri en í austur frá endanum og upp undir melbarðið liggur yfir lægðina þvera að norðanverðu garðlag sem er talsvert niður sigið einkum í vesturendann þar sem lægst er og er sá garður um 20 faðma á lengd. (Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar bls. 107-110)

**Heimild:** Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar bls. 107-110)

Landmælingar ríkisins: Loftmynd 1:4000 frá 1994. Hjalti Pálsson Örnefnaskrá Hof I, 1973.



Mynd 10. Hoftóft. Flatarteikning. Teikning K.G. 1999.

## 10

**Tegund minja:** Hof/tóft  
**Hlutverk:** Hof.  
**Landareign:** Hof I  
**Sérheiti:** Hoftóft  
**Legi:** N: 65°42828 V: 19°05760  
**Staðhættir:** Um 6 metrar frá suð-austur horni Kvígildishúsa  
**Lýsing:** Grasi vaxin skeifulaga, lautarbolli, um 5 m í þvermál, með opi á móti suðvestri. hleðsluhæð um 0.0-0.80 m veggþykkt um 1-3,5 m

Sigurður Vigfússon framkvæmdi rannsókn á Hofi 23. ágúst 1886, og samkvæmt lýsingu hans virðist tóftin hafa verið gleggri þá. Grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-92, bls. 107-110

**Aðrar upplýsingar:** Hoftóftin er talin vera af hofi Hjalta landnámsmanns. Hofið nefnist staður skammt fyrir sunnan Hóla. Þar stóð hof í heiðni og sést enn fyrir tóft þess. Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbók 1792, bls. 131)

**Fornleifarannsókn:** Úr rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar 1886:

Beint upp og því nær í austur undan tóftum þessum er hóll mikill brattur að sunnan og vestan eða þeim megin sem að tóftunum veit. Upp á hól þessum standa nú fjárhús. Fyrir framan eða vestan fjárhúsin vottar fyrir tóft. Veggir hennar eru ákaflega útflattir og niðursokknir. Sjáanlegt er að dyr hafa verið fram úr tóftinni og snúa þær niður að hinum tóftunum. Yfir austanverða tóftina er þverveggur, sem er sýnu digrari en það sem séð verður af hliðarveggjum. En fyrir austan þennan þvervegg virðist jafnvel votta fyrir áframhaldi tóftarinnar eða afhýsi. En þetta er svo óglögg að eg þori ekkert með vissu um það að segja enda er það skiljanlegt að hér hafi aflagast, þar sem fjárhús eru byggð hér rétt við. Fjarlægðin frá skálatóftinni upp að tóft þessari mun vera um 30 faðmar. Að sunnan verðu við hól þennan í millum hans og hólsins er bærinn stendur á gengur upp laut mikil og djúp sem en í dag



heitir Goðalaut. Þótt laut þessi sé hið eina örnefni sem bendir á hofið, þá sýnist það ljóst að hofið hlýtur að hafa staðið þar nálægt. Og þá er á landslag og afstöðu er litið, þá virðast miklar líkur til að tóftin á hólnum sé Hoftóft. og leifar af hinu forna hofi, enda er þetta samkvæmt því, er ég hef annars staðar fundið og gert grein fyrir. En með því að fjárhúsin standa hér sem áður er sagt, fann ég eigi ástæðu til að rannsaka þetta með greftri. (Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110)

- Hættumat:** Helst hætta af jarðraski.  
**Heimild:** Örnefnaskrá Hof I, Hjalti Pálsson 1973. Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110.  
Ferðabók Sveins Pálssonar 1945, Dagbók 1792, bls. 131.

## 11


- Tegund minja:** Mylla/horfið.  
**Hlutverk:** Mylla.  
**Landareign:** Hof I og II  
**Lega:** N: 65°42726 V: 19°05749  
**Staðhættir:** Frá hestasteini við Hof I, um 35 metra í suður í túni, beint niður af Hofi II, um 130 m í vestur.  
**Lýsing:** Ekkert sést af myllunni vegna túnasléttunar.  
**Aðrar upplýsingar:** Myllan var rifin upp úr 1930, hún hlaðin úr grjóti, og var hin vandaðasta, að sögn Hallgríms Péturssonar f. 1923, Kjarvalstöðum í Hólahreppi.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3.



Mynd 11. Hof I, hleðsla, horft í suður-vestur. Ljósmynd. K.G. 1999

12

- Tegund minja:** Óþekkt /mannvirki  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Landareign:** Hof I  
**Lega:** N: 65°4285 V: 19°05680  
**Staðhættir:** Sunnan við rústir Blesakofa.  
**Lýsing:** Smá grasi gróið tóftarbrot sem er aðeins 2 metrar að lengd og breidd, hleðsluhæð um 0.30, veggjaþykkt 0.50m  
**Aðrar upplýsingar:** Ekkert vitað um þetta, nema Hjalti Pálsson HSk. heldur helst að þetta sé frá einhverju tengt leikjum barna.  
**Heimild:** Viðtal við Hjalta Pálsson HSk. ágúst 1999.



Mynd 12. Flatarteiknin. Teikn. Guðmundur Ólafsson 1999.

### 13

**Tegund minja:** Skáli/erfidrykkja /tóft.

**Hlutverk:** Skáli/erfidrykkja.

**Landareign:** Hof I

**Lega:** N: 64°02'16.68 V: 22°02'25.21

**Sérheiti:** Skálatóft

**Staðhættir:** Um 80 m frá Hofi I í norður, undir brekku, á sléttri flöt.  
Hestús í um 35 m í norðvestur

**Lýsing:** Tóftin sigin og grasi vaxin en sést þó vel móta fyrir veggjum, hún skiptist í 5 hólf.

**Tóft 1.1,** er stærsta tóftin, og eru í útveggir í norður og vestur og smá veggur í austur. Stærð tóftarinnar 13x8.5m innanmál, hleðsluhæð um 0.6-1 m veggjaþykkt 1m. Ekki sést móta fyrir inngang í tóftina, en yfir í hólf 1.2 er þúfnaröð, með bilum á milli, væntanlega er innangengt yfir í hólf 1.3.

**Tóft 1.2,** er hefur útvegg í suður, á vesturhlið er útveggurinn fremur óljós. Stærð 8.5 x 5 m innanmál veggjaþykkt um 1 m. Hleðsluhæð um 0.60-1 m.

**Tóft 1.3**, hefur útveggi í austur og norður. Trúlega innangengt í tóft 1.1. Stærð 7.7 x 5.5 m innanmál, veggjaþykkt um 1 m nema suðurhlið um 2 m, hleðsluhæð um 0.6-1 m. Í þessari tóft er veggur í austur - vestur sem er 1,5 x 2 m, og um 0,5 m á hæð.

**Tóft 1.4**, hefur útvegg í suður, og inngang á þeirri hlið ekki sést móta fyrir að innangengt sé yfir í hinar tóftarinnar. Stærð, 6 x 5,5 m innanmál. veggjaþykkt á útvegg um 1m og á innveggjum allt að 2 m.

**Tóft 1.5**, er minnsta er minnsta tóftin, hefur hún útveggi í suður og austur, og inngang í suður. Stærð, 3 x 3.5 m, veggjaþykkt á útveggjum um 1 m, en á innveggjum allt að 2 m hleðsluhæð um 0,6 m. í miðju þessu hólfi er grastóft um 1 x 0,5 m í norður-suður.

**Aðrar upplýsingar:** Í Landnámu segir:

Utan og neðan við Bæjarbrekkuna er Skálatótt þar áttu Hjaltasynir að hafa reist skála til erfisdrykkju eftir föður sinn " og voru þar tólf hundruð boðsmanna og allir virðingamenn með gjöfum brott leiddir", eins og segir í Landnámu.

**Fornleifakönnun:**

Sigurður Vigfússon lýsir Skálatóftinni á þessa leið árið 1886: Fyrir utan bæinn norðvestur á sléttlendum hólþala er liggur miklu lægra en bærinn sést fyrir fornum bæjarrústum, er ég verð að álíta að svo sé. Að neðan og vestan er mjög stór tóft er snýr samhliða dalnum eins og hann liggur hér. Tóft þessi er um 80 fet á lengd og 40 - 45 fet á breidd og snýr í norður og suður. Út úr vesturhliðinni við suðurgafli tóftarinnar er dæld mikil í hliðarveginn sem þó er mjög greinilegur. Hér verð ég því að ætla að dyr hafi verið. Við austurhlið tóftarinnar eru 3 afhús hvert við annað. Þau eru öll fremur stór. Hið syðsta afhús er jafn sunnarlega og suður gafli tóftarinnar. Hvar dyr inn í hús þetta hafi verið get ég eigi sagt fyrir víst. Enn inn í hin 2 afhýsin liggja dyr úr aðaltóftinni. Þetta er og samkvæmt hinni gömlu húsaskipun. Þessi tóft heitir enn í dag Skálatóft og eru það munnmæli, að þar hafi verið drukkið erfið mikla, er þeir Þórður og Þorvaldur Hjaltasynir erfðu föður sinn. Það er eigi ólíklegt að hér hafi hinn gamli bær staðið, enn verið síðar fluttur upp á hólinn, þar sem hann stendur nú. Veggir þessir eru allir miklir og digrir. (Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns- og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110).

**Hættumat:**

Skálatóft er friðlýst.

**Heimild:**

Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns- og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110. Landnáma bls. 148, Rvík 1946. Landmælingar ríkisins: Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994.

14

<b>Tegund minja:</b>	Vígi/virki/horfið
<b>Hlutverk:</b>	Vígi
<b>Landareign:</b>	Hof I
<b>Lega:</b>	N: 65°42820      V:19°05746
<b>Staðhættir:</b>	Á brekkubrún vestan og norðan við íbúðarhúsið norður um súrheysgryfju, og síðan í suður skammt austan við gryfjuna.
<b>Lýsing:</b>	Ekkert sést af virkinu, það örlar á steinum austan og norðan við húsið.
<b>Aðrar upplýsingar:</b>	Bæjarhóllinn á Hofi I er allstór um sig áætlaður um 100 metra langur og 50 metra breiður. Flest bendir til að á þessum hól hafi verið Virki þeirra Hjaltasona. Hóllinn er brattur á allar hliðar nema að austan en nú er búið að raska öllu landi nema norðvesturhluta Bæjarbrekkunnar. Að austan er minni halli af hólnum, en þar var vart við stórbrotna vegghleðslu, þegar grafið var fyrir vatnsleiðslu í húsið. Þá er einnig getið um grjóthleðslu sem jafnað var úr með jarðýtu austan við bæinn. (Hjalti Pálsson, Örnefnaskrá Hof.) Í Bolla þætti Bollasonar (Íslendingasagnaútg. Rvík 1946 IV. b bls. 245) er minnst á virki á Hofi.
<b>Heimild:</b>	Örnefnastofnun, Örnefni Hof I, Hjalti Pálsson 1973.

## HOF II, fornleifar

-----  
Í landi Hofs II voru skráðar 10 minjar á vettvangi, nr. 15-24.



Mynd 13. Hof II, Blótsteinn/Krúmmasteinn, steinninn ekki sjáanlegur lengur, vegna jarðraskis, árið 1955, horft í norður. Mynd þessi var tekin árið 1953.

15

- Tegund minja:** Blótsteinn/horfið.  
**Hlutverk:** Blótsteinn.  
**Landareign:** Hof II  
**Lega:** N: 65°42766 V: 19°06548  
**Sérheiti:** Krúmmasteinn/Blótsteinn  
**Staðhættir:** Á hólbrúninni þar sem vegurinn liggur heim á hlaðið að Hofi II  
**Lýsing:** Ekkert sést af steini þessum vegna jarðraskis.  
**Aðrar upplýsingar:** Á hólbrúninni, þar sem vegurinn liggur nú, að Hofi II var áður mjög stór steinn, álíka og hestasteininn við Hof I, nefndur Krúmmasteinn.  
Árið 1955 var gerð mikil landbylting á Hofi með jarðýtu og var steinninn þá tekinn, og honum steipt ofan í gil þar sunnan við sem var fyllt upp og hóllinn lækkaður mikið. Hugsanlegt er að þetta hafi verið blótsteinninn sem talað er um sem blótstein við Hof, en ekki steinninn sem er á hlaðinu á Hofi I Viðtal 1999 við Hjaltal Pálsson HSk. Örnefnastofnun, Örnefnaskrá Hof, Hjaltadal, Hjalti Pálsson 1973.  
Hofið nefnist staður skammt fyrir sunnan Hóla. Þar stóð hof í heiðni og sést enn fyrir tótt þess. Enn fremur er þar hvassbrýnd hella eða steinn sem þeir voru hryggbrotnir á, sem blóta skyldi Óðni. ( Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbók 1792, bls. 131)  
**Heimild:** Viðtal 1999 við Hjaltal Pálsson HSk. Örnefnastofnun: Örnefnaskrá Hof Hjaltadal, Hjalti Pálsson 1973. Ferðabók Sveins Pálssonar, Dagbók 1792, bls. 131, 1945.




Mynd 14. Hof II, Lambhús fyrir miðri mynd, horft í suð- vestur. Fjós lengst til vinstri, fremst fyrir miðri mynd sést í garðlag sem hefur verið við sundlaug þeirra Hjaltasona. Ljós. K.G. 1999.

## 16

- Tegund minja:** Fjárhús/tóft.
- Hlutverk:** Fjárhús.
- Sérheiti:** Lambhús
- Landareign:** Hof II
- Lega:** N: 65°42692      V: 19°05701
- Sérheiti:** Lambhús
- Staðhættir:** Frá Hofi II, um 140 m í vestur á brekkubrún neðst í túninu, og um 120 m í suður frá Hofi I
- Lýsing:** Tóftin er 27 metra löng og 8-9 metra breið, veggjabykkt frá 1-3 metrar, veggjahæð 0.20-1.80m, hleðslan er neðst grjót um 0.90 m og ofan á það torf sem er um 0.90-1.00 m. Sést móta fyrir milliveggjum á tveimur stöðum á austurhlið. Tóftin er mikið hrunin, leifar sjást af þaki á suður- og miðhluta tóftarinnar, Inngangur er líklega nyrst á vesturhlið, Tóftin er að mestu opin til suð-austurs.
- Aðrar upplýsingar:** Lambhús voru stækkuð til suðurs af Jóni Gunnlaugssyni bónda líklega á árunum 1960-1970, áður var við þau braggahlaða sem f auk í ofsaroki 2. Febrúar 1956 og kom niður í heilu lagi rétt sunnan við hestasteininn. (Hjalti Pálsson)
- Hættumat:** Tóftin er mjög hrunin, hætta af túnasléttun og /eða áfoki.

**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 1994. Viðtal við Hjalta Pálsson ágúst 1999.



Mynd 15. Flatarteikning Lambhússtóft. Teikning K.G. 1999

**17**

**Tegund minja:** Fjárhús/horfið.  
**Hlutverk:** Fjárhús.  
**Sérheiti:** Grímskofi  
**Landareign:** Hof II  
**Lega:** N:65°42742 V: 19°05732  
**Staðhættir:** Beint niður af Hofi II um 130 m í vestur, 20-30 m metra að læk í norður og um 40 metra að Lambhússtóft í suður.  
**Lýsing:** Ekkert sést af byggingum vegna túnasléttunar.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3.

**18**

**Tegund minja:** Fjárhús/horfið.  
**Hlutverk:** Fjárhús.  
**Landareign:** Hof II  
**Lega:** N: 65°42716 V: 19°05723  
**Staðhættir:** Í túninu niður af niður af Hofi II um 150 m í vestur. Lambhússtóft um 30 metra í suður.  
**Lýsing:** Ekkert sést af byggingum vegna túnasléttunar.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3.





Mynd 16. Fjárhús, Stórhús Hofi II, horft í austur. Ljósm. K.G.

**19**

**Tegund minja:** Fjárhús/tóft.

**Hlutverk:** Fjárhús.

**Landareign:** Hof II

**Sérheiti:** Stórhús


**Lega:** N: 65°42677 V: 19°05667

**Staðhættir:** Í suður frá Hofi II, að hlöðu og fjárhúsum um 40 m í vestur í túninu, sem er undir brekkunni

**Lýsing:** Tóftin er 14x5-6 m, hlaðin úr grjóti sem er um 0.80 m á hæð, ofan á það er torf sem er um 0.50 m á hæð. en hleðsluhæð er allt að 1.50 m og veggjabykkt um 1 metri, hleðslan er best varveitt á austurgafli. Tóftin er tvær krær, og sést móta fyrir steinaröð á milli veggja fremst í tóftinni sem er af garðinum, tóftin er alveg opin til vesturs..

**Hættumat:** Tóftin mikið hrunin, hætta af túnasléttun og/eða áfoki.

**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 frá 1994.




Mynd 17. Flatarteikning, Stórhús. Teikn. K.G. 1999



Mynd 18. Hof II, fjós horft í austur. Ljósm. K.G. 1999

20

- Tegund minja:** Fjós/hús  
**Hlutverk:** Fjós  
**Landareign:** Hof II  
**Lega:** N: 65°42684 V: 19°05673  
**Staðhættir:** Frá Hofi II, í suður að hlöðu, frá henni um 70 m í vestur, neðst í túni.  
**Lýsing:** Húsið in er 6-7x5 m og hafa veggir hrunið nokkuð, vesturhliðina vantar alveg, þakið hangir þó upp að mestu, inngangur hefur verið á austurhlið. Veggjaþykkt um 1m.  
**Aðrar upplýsingar:** Húsið var síðast notað sem reykhus til að reykja kjöt. (Hjalti Pállson)  
**Hættumat:** Tóftin er nokkuð hrugin, hætta af túnasléttun og /eða áfoki.  
**Heimild:** Túnakort frá 1916, fylgiskjal 3. Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 1994. Viðtal Hjalti Pálsson 1999.



Mynd 19. Flatarteikning. Teikn. K.G. 1999

21

**Tegund minja:** Hesthús/hænsnakofi /horfið  
**Hlutverk:** Hesthús/hænsnakofi  
**Landareign:** Hof II  
**Lega:** N: 65°42833 V: 19°05734  
**Sérheiti:** Vangáarkofi.  
**Staðhættir:** Frá Hofi II 45 metra í norður, á smá brekkubrún, skurður í norður 45 metrar.  
**Lýsing:** Ekkert sést vegna túnasléttunar.  
**Aðrar upplýsingar:** Vangáarkofi, síðast notaður sem hænsnakofi, rifinn 1955. Nafn þetta er sennilega dregið af hryssu sem að hét Vangá. (Hjalti Pálsson)  
**Heimild:** Túnakort 1916, fylgiskjal 3. Viðtal við Sveinbjörgu Árnadóttir húsfreyju á Hofi II ágúst 1999. Viðtal við Hjalta Pálsson 1999. Örnefnastofnun, örnefnaskrá fyrir Hof, Hjalti Pálsson 1973.



Mynd 21. Hof II, Hjaltahaugur fyrir miðri mynd, smá bunga í landinu, girðing í bakgrunni, horft í norð-austur. Ljósm. K.G. 1999.

22

- Tegund minja:** Hjaltahaugur/legstaður
- Hlutverk:** Legstaður
- Sérheiti:** Hjaltahaugur.
- Lega:** N: 65°42812 V: 19°05596
- Staðhættir:** Frá Hofi II, um 40 metra í norður, eftir túni og yfir skurð.
- Lýsing:** Grasi gróinn hringlaga hólbunga. um lengd n-s 17 m og 16 m a-v, kringum hana er garðlag um það bil 2-7 m breitt, breiðast í norður, það hefur verið grafið í hólbunguna á tveimur stöðum, að norðanverðu er gryfja sem er 2 x 3 m, og 0,8 m á dýpt.
- Aðrar upplýsingar:** Hjaltahaugur, þar segja munnmæli að Hjalti landnámsmaður hafi verið grafinn, hringmyndað garðlag um 30 metrar í þvermál, er í kringum hauginn.  
(Árbók ferðafél. '46-'47 bls. 72)
- Fornleifakönnun:** Lýsing Sigurðar Vigfússonar frá 1886:  
Í suðaustur af fjárhúsunum, en beint í austur af bænum,( Hofi I, gamli bærinn) í nál. 60 faðma fjarlægð er hinn svo nefndi Hjaltahaugur, bunga fremur lág, mjög útflött. Umhverfis bingu þessa vottar fyrir hringmyndaðri girðingu. Þó er hún gleggri á sumum stöðum en öðrum, en óhætt að fullyrða að garður þessi hefir verið allbreiður. Þvermál hringsins mælt út á ytri brúnir garðsins er hér um bil 80 fet en eigi er hægt að ákveða með vissu hve mikið af þessu kemur á sjálfan hauginn, því að aðskilnaður milli garðs og haugs er orðinn óglöggur. Þessi lögun á haug með garði í kring er samkvæmt því er ég hef áður fundið. Ofan í haug þennan hefur verið grafinn gröf all mikil í tíð síra Benedikts Vigfússonar á Hólum. Þá er ég prófaði jarðveginn í haug þessum með stálstaf mínum varð

jafnan fyrir honum mikið af grjóti sem örðugt var að komast niðr úr.

Frá haugnum í beinni stefnu til bæjar vottar fyrir garðlagi sem slitnar rétt við hauginn, en þar dregur í mýrlenda lægð og má því vel vera að garðrinn sé þar sokkinn en hafi legið alla leið að haugnum. Ég gerði litil fjörlega tilraun með hauginn byrjaði í hinni djúpu gróf sem í hann var grafin að norðan verðu og gróf nær inn að miðju hans um 3 áln. dýpt. Sökum tímaleysis og sökum fundarhalds sem ákveðið var, varð eigi haldið áfram enda var verkið seinlegt því að í allri tungunni eða haugnum er möl og innan um hana hnullungs steinar en þannig er hér á Hofi jarðvegur allur. (Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns- og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110).

**Hættumat:**


Hjaltahaugur er friðlýstur.

**Heimild:**

Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns- og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110).

Skagfirzkur annáll 1847-1947. Heim að Hólum bls. 240.

Árbók ferðafél. '46-'47 bls. 72. Hólastaður bls. 18. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1888-1892. Örnefnastofnun, Hof II, Hjalti Pálsson, 1973.



Mynd 22. Flatarteikning.


Teikn. K.G. 1999



Mynd 23. Hof II, stekkur horft í vestur. Ljós. K.G. 1999

23

- Tegund minja:** Stekkur/rétt.  
**Hlutverk:** Stekkur/rétt.  
**Landareign:** Hof II  
**Legu:** N: 65°42523 V: 19°05144  
**Sérheiti:** Hofsstekkur  
**Staðhættir:** Í norður frá Hofi II efst á grjóteyrum Hofsár dálítinn spöl utan við ána í hvammi sem heitir Stekkjarhvammur.  
**Lýsing:** Stekkurinn er mjög heillegur og lítið hrunið úr honum, Hlaðin úr smá steinum, hleðsluhæð frá 1,0 -1,5 m. veggjabykkt um 1 m. Grasgróinn í botninum, stekkurinn skiptist í þrjú hólf. Inngangur að austan.  
**Aðrar upplýsingar:** Hofsstekkurinn var notaður til að reka um fé allt til 1963. Hann hefur líka verið notaður sem hestarétt  
**Hættumat:** Stekkurinn er í góðu ásigkomulagi, helst hætta á hruni.  
**Heimild:** Örnefnastofnun, örnefnaskrá Hjalta Pálssyni 1979.  
Landmælingar ríkisins, loftmynd 1:4000 1994  
Viðtal í júní 1999, við Hörð Jónsson, f. 1952 bónda Hofi II.  
Viðtal Hjalta Pálsson HSk. 1999.



Mynd 24. Flatarteikning. Teikn. K.G. 1999



Mynd 25. Undir brekkunni frá Hofi II sést í garðbrot sem verður hefur við sundlaug. Það er til vinstri fyrir miðri mynd, horft í austur. Ljósm. K.G. 1999

24

**Tegund minja:** Sundlaug/horfið/garðlag.

**Hlutverk:** Sundlaug.

**Landareign:** Hof II

**Lega:** N: 65°42'20" V: 19°05'67"

**Staðhættir:** Í túni fyrir sunnan og neðan Hof II, er garðbrot, fyrir ofan það eru tvö lítil gil, vatnsgrafningar, við vesturenda garðbrotsins má ætla að sundlaugin hafi verið.

**Lýsing:** Ekkert sést af sundlauginni nema garðurinn.

**Fornleifakönnun** Að sunnan við lægðina vottar fyrir garði en sá garður er miklu styttri. Úr norðvestur horni lægðarinnar eða þar sem garðarnir að norðan og vestan koma saman er glöggur lækjarfarvegur til bæjarlækjar þess sem nú rennur fyrir sunnan bæinn. En ofan af melbarðinu og ofan í lægðina nokkru fyrir norðan hana miðja sést einnig gamall lækjarfarvegur. Af öllu þessu virðast miklar líkur til að í lægð þessa hafi verið veitt vatni og þar hafi verið sundtjörn til forna. Mannvirki þessi eru að vísu stórkostleg en síst skal fortaka það, að hér að Hofi í Hjaltadal hafi slíkt getað átt sér stað þar sem hér var sú stórmennska og höfðingsskapur að það var langa stund að ágætum haft. Þessu til styrkingar skal ég geta þess að í þessari sömu ferð fann ég lík vegsummerki að Marðarnúpi í Vatnsdal. Að öðru leyti skal ég ekki fullyrða neitt um þetta. (Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110).

**Aðrar upplýsingar:** Garðbrot/sundlaug, Hjaltasona:

Í brekkunni ofan við Gamla tún er tvö lítil gil auðsjáanlega vatnsgrafningar. Niðri á Túninu milli giljanna er garðbrot sem látið var standa, þegar túninu var bylt 1955. (Örnefnaskrá Hof, Hjalti Pálsson 1973).

Frá vesturenda þessa garðsbrots og suður undir Stórhús var annar garður miklu meiri. Þegar að ég man eftir, var búið að

slétta þennan garð svo hann var eins og ávalur hryggur, en þessum garði var rutt, þegar að túnið var sléttað 1955. Þarna telja menn hafa verið sundlaug, þeirra Hjaltasona og sýna lækjarfarvegirnir tveir í brekkunni ofan við að þar hefur læknum verið veitt eftir því hvort renna skyldi í laugina eða ekki. Annars vísast hér til greinar Sig. Vigf. í Árb. Fornleifaf. 1888-92, þar sem þessu er ágætlega lýst..( Örnefnaskrá Hof, Hjalti Pálsson 1973.)

**Hættumat:**

Garðlagið sem eftir stendur er friðlýst.


**Heimild:**

Árbók hins Íslenska fornleifafélags 1888-1892, Rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886, bls. 107-110).Örnefnastofnun, Örnefnaskrá Hof II, Hjalti Pálsson, 1973. Landmælingar ríkisins , loftmynd 1:4000 frá 1994.




## Fornleifaskrá

1. Bæjarhóll
2. Blótsteinn/hestasteinn/náttúruminjar
3. Fjánhús/hesthús/mannvirki
4. Fjánhús/hrútakofi/tóft
5. Fjós/horfið
6. Goðalaut/náttúruminjar
7. Hesthús/horfið
8. Hesthús/tóft
9. Halatóft
10. Hof/tóft
11. Mylla/horfið
12. Óþekkt/mannvirki
13. Skálatóft
14. Vígi/virki/horfið
15. Blótsteinn
16. Fjánhús/tóft
17. Fjánhús/horfið
18. Fjánhús/horfið
19. Fjánhús/tóft
20. Fjós/hús
21. Hesthús/hænsnakofi/horfið
22. Hjallahaugur/legstaður
23. Stekkur/rétt
24. Sundlaug/horfið



Staðsetning skráningarsvæðisins

Fylgiskjal 1



Fylgiskjal 2



Handwritten text in a box:  
 Handwritten: 5.6.1890  
 Handwritten: 1890  
 Handwritten: 1890

Handwritten: 1890  
 Handwritten: 1890



Handwritten text in a box:  
 Handwritten: 1890  
 Handwritten: 1890  
 Handwritten: 1890

Fylgiskjal 3